

Spurt og svarað um rafræn skilríki

Hvað eru rafræn skilríki?

Rafræn skilríki eru persónuskilríki sem notuð eru í rafrænum heimi. Það að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum á netinu jafngildir því að framvísa persónuskilríkjum. Rafræn skilríki er hægt að nota til fullgildrar undirritunar og jafngildir hún eigin undirritun.

Hvar fæ ég rafræn skilríki?

Í bönkum, sparisjóðum, hjá símafyrtækjum og Auðkenni. Hægt er að fá rafræn skilríki á síma og snjallkort.

Hvað kosta rafræn skilríki?

Það er í raun þeirra sem bjóða upp á skilríkin að ákveða verðið á þeim. Síminn hefur t.a.m. lýst yfir því að hann ætli að gefa skilríkin. Auðkenni hefur lækkað gjaldskrá sína og mun selja skilríkin (hvítkortin) fyrir 1500 kr.

Hvað get ég gert með rafrænum skilríkjum?

Þú getur notað skilríkin til auðkenningar og fullgildrar undirritunar. Í nánustu framtíð er áætlað að flestir þjónustuaðilar, s.s. bankar, RSK, tryggingafélög og tollurinn, muni taka við rafrænum skilríkjum við innskráningu á þjónustusíður.

Þarf ég að muna enn eitt PIN númer?

Þú þarft að velja þér eitt PIN númer. Alltaf þegar þú notar rafrænu skilríkin nýtist þetta PIN númer þér. Það er því sama PIN númer fyrir allar þjónustusíður sem bjóða upp á innskráningu með rafrænum skilríkjum. Þannig fækkar til muna þeim PIN númerum sem þú þarft að muna.

Ég er ekki með snjallsíma. Get ég fengið rafræn skilríki í símann?

Já, hægt er að setja rafræn skilríki í nær allar tegundir farsíma.

Hverjir eru helstu kostir rafrænna skilríkja?

Þau auka öryggi. Þau eru þægileg. Þú þarft bara að muna eitt PIN númer í stað margra og þau opna þér aðgang að fjölmörgum þjónustusíðum. Þar að auki getur þú notað þau til fullgildrar undirritunar. Talið er að kostnaður stofnana og fyrirtækja vegna samskipta við viðskiptavinum muni lækka mikið í kjölfar rafrænna skilríkja.

Hvernig nota ég skilríkin?

Auðkenningarskilríkið er notað til að skrá sig inn á þjónustusíður. Almenna aðferðin er sú að þú velur innskráningu fyrir farsíma og slærð inn símanúmer þitt. Þá birtist valmynd í símanum og þú slærð inn PIN númerið fyrir skilríkin og þú ert kominn inn. Innskráningarskilríkin eru notuð til að

skrifa undir rafræn skjöl. Þarna munu þjónustuveitendur sjá um útfærslur svo það getur orðið mismunandi hvernig notendur þurfa að bera sig að.

Hvernig skrái ég mig inn á vefsvæði þjónustuveitanda með farsímanum?

Þjónustuveitendur geta haft mismunandi aðferðir við innskráningarferlið en almenna aðferðin er sú að þú velur innskráningu fyrir farsíma og slærð inn símanúmer þitt. Þá birtist valmynd í símanum og þú slærð inn PIN númerið fyrir skilríkin og þú ert kominn inn.

Eru rafræn skilríki örugg?

Rafræn skilríki hafa verið metin öruggasta auðkenningin sem í boði er fyrir almenning. Öryggið er m.a. fólgið í því að lykilorðið er hvergi geymt miðlægt.

Hvað hafa rafræn skilríki umfram Íslykil?

Aðeins þarf að muna eitt 4-8 stafa lykilorð (tölustafir) sem notandinn velur sér sjálfur í stað 10 stafa lykilorðs sem er samsett úr há- og lágstöfum, táknum og tölustöfum. Rafræn skilríki veita herra netöryggi en Íslykill og hægt er að nota þau til fullgildrar undirskriftar sem ekki er hægt að gera með Íslykli.

Gefur ríkið út rafræn skilríki?

Rafræn skilríki byggja á svokallaðri Íslandsrót sem er í eigu og umsjá ríkisins. Ríkið hefur gert samning við fyrirtækið Auðkenni um að vera milliliður og gefa út skilríki til almennings. Ríkið setur mjög ströng skilyrði um útgáfuna og Auðkenni er undir undir opinberu eftirliti Neytendastofu. Með þessum ströngu kröfum og eign sinni á Íslandsrót hefur ríkið fulla stjórn á umhverfi skilríkjanna og ber ábyrgð á þeirri grunngerð sem þau eru byggð á. Þá getur ríkið gert samninga við fleiri fyrirtæki en Auðkenni um að verða milliliðir við útgáfu rafrænna skilríkja.

Af hverju er krafist rafrænnar undirskriftar við samþykki útreikninga og ráðstöfun á fjárhæð til höfuðstólslækkunar?

Í lögum um leiðréttingu höfuðstóls verðtryggðra lána sem samþykkt voru á Alþingi í vor er kveðið á um að málsmeðferð skuli vera rafræn og hefur verið lögð rík áhersla á uppfylla þá lagaskyldu. Illmögulegt væri með öðru móti að að afgreiða 69 þúsund umsóknir frá 105 þúsund einstaklingum á jafn skömmum tíma og ætlaður er til framkvæmdarinnar. Þegar kemur að ráðstöfun fjár inn á lán telur ríkisskattstjóri nauðsynlegt að hún sé samþykkt með rafrænni undirritun. Mikilvægt er að samþykki fyrir ráðstöfun inn á lán sé óhrekjanlegt enda hafa í fjölmörgum tilvikum orðið breytingar á hjúskaparstöðu og lánnum þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og aðrar rafrænar leiðir sem tíðkast hafa uppfylla ekki þær öryggiskröfur sem gera þarf.

Að teknu tilliti til umfangs verkefnisins og þeirra hagsmuna sem verkefnið felur í sér er því talið nauðsynlegt að gera þá kröfu til umsækjenda að þeir staðfesti ráðstöfun útreiknings inn á lán með

rafrænni undirritun. Veflykill ríkisskattstjóra fullnægir ekki þeim öryggiskröfum sem ráðstöfun 80 milljarða króna þarf að hafa.

Hvers vegna var ekki gerð krafa um rafræna undirritun á umsókninni um Leiðréttingu?

Við innskráningu við gerð umsóknar gátu umsækjendur auðkennt sig með veflykli ríkisskattstjóra eða með rafrænum skilríkjum. Virkjun umsóknar um skuldaleiðréttingu fól ekki í sér neina skuldbindingu af hálfu umsækjenda og því þótti ekki nauðsynlegt að umsækjendur undirrituðu umsóknina.

Afhverju er ekki Íslykill Þjóðskrár notaður til að samþykkja Leiðréttinguna?

Íslykill Þjóðskrár er auðkennislykill og inniheldur ekki möguleika á fullgildri rafrænni undirritun. Lykillinn uppfyllir því ekki það öryggisstig sem ríkisskattstjóri fer fram á með því að krefjast rafrænnar undirskriftar.

Hvað með þá sem ekki geta fengið sér rafrænt skilríki s.s. vegna veikinda eða að þeir búa erlendis? Geta þeir ekki samþykkt ráðstöfun Leiðréttingarinnar?

Tryggð verður leið fyrir alla þá sem vegna veikinda eða búsetu erlendis geta ekki aflað sér rafrænna skilríkja.

Frekari upplýsingar um rafræn skilríki má finna á vefnum www.skilriki.is.